

**Nd.**

**60. Frumvarp**

til laga um eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnifsdal.

Flm.: Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að láta taka eignarnámi landspildu til afnota við starfrækslu bátabryggju í svenfndri Skeljavík innan við Hnifsdal.

Stærð landsins má vera 4000 fermetrar.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Á s t æ ð u r .

Hreppsnefnd Eyrarhrepps hefir óskað þessarar heimildar, þar sem erfitt hefir reynzt að fá samkomulag við alla eigendur landsins. Hreppfélagið hefir ráðizt í byggingu dýrrar bryggju á þessum stað.